

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Hafnarfjarðarkaupstað.

Breyting á deiliskipulagi 2. áfanga Hellnahrauns, lóð nr. 4 við Einhelli.

Í samræmi við skipulagslög samþykkti skipulags- og byggingarráð Hafnarfjarðar á fundi sínum þann 20. mars 2018 breytingu á deiliskipulagi 2. áfanga Hellnahrauns, vegna lóðarinnar Einhelli 4. Deiliskipulagsbreytingin, sem felst í stækkun og breyttri legu byggingarreits lóðarinnar, var auglýst 25. apríl til 6. júní 2018. Engar athugasemdir bárust. Málsmeðferð deiliskipulagsbreytingarinnar var samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast hún þegar gildi.

Hafnarfirði, 14. júní 2018.

F.h. skipulagsfulltrúa,

Guðrún Guðmundsdóttir.

B-deild – Útgáfud.: 18. júní 2018